

# Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Ársskýrsla 2024



Verkmenntaskólinn  
á Akureyri



---

## Inngangur

Ársskýrsla þessi er unnin fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið (MRN) og er jafnframt yfirlit yfir hlutverk, markmið og það helsta sem unnið hefur verið að í Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA) á árinu 2024. Greint verður frá því hvernig skólinn hefur unnið að þeim markmiðum sem hann hefur sett sér en einnig er gerð grein fyrir hlutverki skólans og ýmsum tölulegum upplýsingum er varða skólastarfið. Skýrsla þessi er lögð fram í ágúst 2025. Skýrslan er unnin af stjórnendum skólans og er birt á vef hans.

Myndir í þessari skýrslu eru fengnar af heimasíðu skólans og flestar teknar af Hilmari Friðjónssyni og Óskari Þór Halldórssyni.

## Hlutverk og skipulag skólans

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk VMA að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi, svo að hann verði sem best búinn undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Fjölbreytni í námsframboði og breidd nemendahópsins eru ein sterkustu sérkenni VMA. Gildi og einkunnarorð skólans endurspegla þá áherslu en þar segir m.a. að nemendur séu hornsteinn skólans. Markmið með námi þeirra í VMA er að þeir þroskist, öðlist sjálfstraust, þeim líði vel, þeir tilheyri hópnum og tileinki sér ákveðna leikni, þekkingu og hæfni sem fylgir þeim út í lífið til frekara náms eða á vinnumarkað. Einkunnarorð skólans eru fagmennska - fjölbreytni - virðing.



Dimmiso nemendur 2024 fagna í VMA

---

VMA er áfangaskóli og þar fer fram kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, og listnámsbrautum, á brautarbrú, iðnnámsbrautum og til starfsréttinda ásamt starfs- og sérnámsbraut fyrir nemendur sem eru í einstaklingsmiðuðu námi.

Nám á brautum skólans er sett upp samkvæmt námskrám í viðkomandi greinum og eru brautarlýsingar inni á námskrárvef, namsskra.is. Fjarnám er við skólann, aðallega með hefðbundnum bóknámsáföngum og eru áfangar í meistaraskóla fyrir iðnsveina kenndir í fjarnámi. Á árinu 2024 var boðið upp á nám á ýmsum brautum í dagskóla en jafnframt í kvöldskóla og lotunámi um helgar.

## Námsframboð

Á árinu var boðið upp á nám á eftirtöldum brautum til stúdentsprófs:

- félags- og hugvísindabraut
- fjölgreinabraut
- íþróttá- og lýðheilsabraut
- listnáms- og hönnunarbraut (einnig í kvöldskóla á haustönn)
- náttúruvísindabraut
- viðskipta- og hagfræðibraut.

Allar stúdentsprófsbrautir skólans eru settar upp með 200 einingum. Nemendur ljúka námi sínu á brautinni með lokaverkefni þar sem nemandi fær tækifæri til að kafa dýpra í efni sem hann velur sjálfur og vinnur að undir leiðsögn kennara. Þá er boðið upp á viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir nemendur sem hafa lokið iðn- og starfsnámi.

## Brautabré

Nám á brautarbrú er ætlað nemendum sem eru óráðnir í námsvali eða hafa ekki náð fullnægjandi námsárangri í kjarnagreinum grunnskóla. Brautin hefur það markmið að vekja áhuga nemenda á námi í framhaldsskóla og styrkja námshæfni þeirra m.a. með það fyrir augum að nemendur komist inn á aðrar námsbrautir framhaldsskólans.

## Íslenskubré

Á vorönn var farið af stað með tilraunaverkefni þar sem prufukeyrð var námsbraut fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn þar sem aukin áhersla er á íslenskunám nemenda. VMA hefur um árabil boðið upp á íslenskukennslu fyrir þennan nemendahóp en á Íslenskubré er horft til nýrrar nálgunar. Áhersla er á nemendur yngri en 18 ára sem hafa lítinn eða engan grunn í íslensku. Vorönnin var nýtt til að safna i safna upplýsingum um hvernig best sé að standa að kennslunni, hvaða kennsluaðferðir og áfangar virki í því skyni að efla íslenskufærni nemenda og búa þá sem best undir frekara nám í íslensku skólakerfi og/eða á vinnumarkaði. Innritað var á Íslenskubré á haustönn þar sem nemendum var boðið upp á 2ja ára nám á Íslenskubré. Við skipulag Íslenskubráar var horft til

---

reynslu af sambærilegum námsbrautum í Tækniskólanum og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

## Starfsbraut og sérnámsbraut

Nám á starfs- og sérnámsbraut er fjögur ár en þar sem námið er einstaklingsmiðað geta áherslur og þátttaka í áföngum verið mismunandi á tímabilinu. Námið á brautinni er blanda af bóklegu og verklegu námi. Náminu er skipt í kjarna og val og leitast er við að hafa námið sem fjölbreyttast og þverfaglegt. Í kjarna eru skylduáfangar brautarinnar. Valáfangar taka mið af því sem almennt er í boði í skólanum hverju sinni ásamt því sem reynt er að koma til móts við áhuga, þarfir og óskir nemenda með starfsbrautaráföngum, s.s á sviði matreiðslu, listnáms, hönnunar, íþróttar, tungumála og upplýsingatækni.

## Iðn- og starfsnám

Á árinu var boðið upp á nám á eftirtöldum brautum í iðn- og starfsnámi:

- Húsasmíði (dag- og kvöldskóli)
- Pípulagnir (í lotunámi)
- Múriðn (í lotunámi)
- Háriðn
- Matartæknanám (í helgarlotum)
- Matreiðsla á haustönn
- Bifvélavirkjun
- Stálsmíði
- Vélvirkjun
- Vélstjórn
- Rafvirkjun (dag- og kvöldskóli)
- Rafeindavirkjun
- Sjúkraliðabraut
- Heilsunudd (í helgarlotum)

Nemendur í iðn- og starfsnámi eru skráðir á rafræna ferilbók sem er samningur nemenda, skóla og vinnustaðar um vinnustaðarnám nemenda. Ferilbókin byggir á hæfniviðmiðum í greininni og þarf að ljúka ferilbók til að geta útskrifast úr því námi sem viðkomandi er í og getur þá farið í sveinspróf.

Nánari upplýsingar um brautir og brautarlýsingar má finna á heimasíðu skólans, sjá flipann [Nám í boði](#). Á vef skólans má einnig sjá [áfangalýsingar](#) og námsáætlanir birtast hjá nemendum í Innu.



---

## Fjarnám

Iðnmeistaránám fer fram í fjarnámi en jafnframt er boðið upp á ýmsa bóklega áfanga í fjarnámi. Flestir sem eru í fjarnámi eru að taka einn til þrjá áfanga á önn og eru nemendur í fjarnámi margir hveir í dagskóla í VMA eða öðrum framhaldsskólum.



Nýnemaferðin var farin að Hólavatni eins og hefð er fyrir

## Nemendafjöldi

**Á vorönn 2024** hófu 989 nemendur nám í dagskóla og 220 í fjarnámi. Alls 140 nemendur með 162 brottfararskírteini voru brautskráðir í maí. Brotthvarf úr áfanga á vorönn 2024 í dagskóla var 8,9% sem er töluvert lægra en undanfarin ár. Brotthvarf úr áfanga er innan markmiða, en markmið skólans er 9% brotthvarf eða lægra. Haldið er utan um ástæðu brotthvarf úr skóla og er yfirliti yfir ástæður þess að nemendur hætta í skóla í töflu 6.

**Á haustönn 2024** hófu 959 nemendur nám í dagskóla og um 290 í fjarnámi. Fjöldi nýnema var 248 í upphafi haustannar og hafa ekki verið fleiri til fjölda ára. Þá voru 116 nemendur með 123 skírteini brautskráðir í desember en alls útskrifuðust 256 nemendur á árinu 2024 með 285 skírteini. Brotthvarf á haustönn 2024 var 11,7% sem er hærra en á vorönn en svipað og undanfarnar haustannir. Aldrei áður hefur námsframboð verið eins fjölbreytt í VMA eins og á haustönn 2024.

Innritun á haustönn 2024 fór fram í samræmi við leiðbeiningar um innritun í framhaldsskóla frá Menntamálastofnun. Flest allir nýnemar sem sóttu um VMA sem fyrsta og annað val fengu inn í skólanum. Nokkrum nemendum, sem sóttu um brautarbrú og höfðu lögheimili á upptökusvæði annars framhaldsskóla en VMA, var hafnað. Helsta ástæða þess að nemendur fengu höfnun í nám á ákveðnum brautum var sú að nemendur annað hvort uppfylltu ekki skilyrði brautar eða að nám var ekki í boði. Nemendum sem uppfylltu ekki skilyrði inn á brautir eða sóttu um nám sem var ekki í boði, var í flestum tilfellum boðið upp á annað nám í VMA.

Vegna aukinnar ásóknar nýnema og nemenda yngri en 18 ára á sumariðnnámsbrautir skólans, þurfti að hafna eldri nemendum sem sóttu um skólavist, sérstaklega á þetta við um umsækjendur í byggingagreinum.

Tafla 1. Skipting nemenda eftir námsbrautaflokkum og kyni haustið 2024

| Tegund náms              | Karlar | Konur | Kynsegin | Alls | Hlutfall heildar nem.fjöldi | Hlutfall af dagskóla |
|--------------------------|--------|-------|----------|------|-----------------------------|----------------------|
| Brautabré                | 15     | 6     |          | 21   | 2%                          | 2%                   |
| Iðn- og verknám          | 293    | 58    |          | 351  | 27%                         | 37%                  |
| Sjúkráliðanám            | 2      | 34    |          | 36   | 3%                          | 4%                   |
| Starfsbrautir            | 66     | 34    |          | 100  | 8%                          | 11%                  |
| Stúdentsnám              | 196    | 186   |          | 382  | 29%                         | 40%                  |
| Vélstjórn                | 64     | 1     |          | 65   | 5%                          | 7%                   |
| Alls nemendur í dagskóla | 636    | 319   | 4        | 959  | 72%                         | 100%                 |
| Lotu- og kvöldnám        | 42     | 33    |          | 75   | 6%                          |                      |
| Fjarnám                  |        |       |          | 290  | 22%                         |                      |
| Alls nemendafjöldi       |        |       |          | 1324 |                             |                      |

Kynjaskipting nemendahópsins í VMA var býsna ójöfn í skólanum eins og tafla 1 ber með sér. Þar munar mestu hve miklu fleiri karlar en konur eru í iðn- og verknámi skólans. Í dagskóla á haustönn 2024 voru 959 nemendur, konur voru 33% nemenda en karlar 67%.

Tafla 2. Fjöldi nemenda í dagskóla VMA 2020-2024

| 2020 |       | 2021 |       | 2022 |       | 2023 |       | 2024 |       |
|------|-------|------|-------|------|-------|------|-------|------|-------|
| Vor  | Haust | Vor  | Haust | Vor  | Haust | Vor  | Haust | Vor  | Haust |
| 950  | 1001  | 948  | 995   | 954  | 940   | 901  | 915   | 989  | 959   |

Tafla 3. Fjöldi nemenda í fjarnámi í VMA 2020-2024

|                 | 2020 |       | 2021 |       | 2022 |       | 2023 |       | 2024 |       |
|-----------------|------|-------|------|-------|------|-------|------|-------|------|-------|
|                 | Vor  | Haust | Vor  | Haust | Vor  | Haust | Vor  | Haust | Vor  | Haust |
| Ekki í dagskóla | 261  | 230   | 292  | 235   | 234  | 208   | 270  | 257   |      |       |
| Í dagskóla      | 73   | 64    | 41   | 62    | 77   | 63    | 79   | 63    |      |       |
| Alls            | 334  | 294   | 333  | 297   | 311  | 271   | 349  | 320   | 220  | 290   |

Í töflu 3 má sjá að þróun nemendafjölda í fjarnámi síðustu fimm ár hefur verið nokkuð stöðug eða um 300 nemendur á önn. Fækkað var verulega í nemendahópnum í fjarnámi á vorönn, aðallega til að minnka yfirvinnu. Nemendum í fjarnámi við VMA hefur fækkað frá því sem áður var en árið 2014 voru um 500 nemendur í fjarnámi við skólann.

**Tafla 4. Fjöldi nýnema að hausti í dagskóla VMA 2020-2024**

| Ár   | Karlar | Konur | Alls       |
|------|--------|-------|------------|
| 2020 | 140    | 89    | <b>229</b> |
| 2021 | 131    | 83    | <b>214</b> |
| 2022 | 126    | 78    | <b>204</b> |
| 2023 | 146    | 71    | <b>217</b> |
| 2024 | 159    | 88    | <b>248</b> |

Mikil aukning varð á fjölda nýnema milli ára eins og sjá má í yfirliti yfir fjölda nýnema í dagskóla í töflu 4. Þar vekur athygli hve umsóknir karla eru áberandi fleiri en kvenna. Væntanlega endurspeglar það kynbundið námsval sem vikið var að í umfjöllun um töflu 1.

Nemendur í dagskóla koma flestir frá Akureyri eða 60%, 18% úr nágrennasveitarfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu og um 22% úr öðrum sveitarfélögum. Búseta þeirra dreifist vítt og breitt um landið og má segja að VMA eigi fulltrúa frá flestum byggðarlögum landsins. Búseta nemenda í fjarnámi sem ekki eru jafnframt nemendur í dagskóla er mun dreifðari.



*Lokaverkefnissýning á verkum brautskráningarnema á listnáms- og hönnunarbraut í Listasafninu á Akureyri, maí 2024.*

---

Aldursbil nemenda í dagskóla hefur verið að breytast í þá átt að lang flestir nemendur eru yngri en 20 ára. Haustið 2024 voru 84,5% nemenda 20 ára og yngri. Einungis 6% nemenda eru 25 ára og eldri, fækkun eldri nemenda er þróun sem hefur verið viðloðandi undanfarin ár. Með tilkomu aukinna tækifæra í lotunámi og í kvöldskóla færast eldri nemendur yfir í það námsfyrirkomulag.

Á haustönn 2024 voru 139 nemendur VMA á sameiginlegri heimavist VMA og MA. Hlutfall VMA nemenda á heimavist hefur farið hækkandi undanfarin ár og hefur heimavistinni tekist að halda nokkuð í íbúafjölda heimavistar. Íbúaþróun í nágrannasveitarfélögum skólanna hefur áhrif á nemendafjölda skólanna og nemendum almennt í báðum skólum fækkar. Skólameistari VMA situr stjórnarfundum Lundar sem rekur heimavist VMA og MA. Ársskýrslu fyrir skólaárið 2023-2024 má [sjá](#) á heimasíðunni heimavist.is.

Frekari upplýsingar um tölfræði nemendahópsins í VMA á [haustönn 2024](#) má finna á heimasíðu skólans.

## Brotthvarf og fjarvistir

Brotthvarf nemenda ú áfanga í dagskóla VMA hefur verið á bilinu 5,11% til 13,6% síðustu fimm árin eins og sjá má í töflu 5. Samkvæmt henni hefur brotthvarf heldur aukist á tímabilinu en skólinn hefur sett sér það markmið að brotthvarf í dagskóla fari ekki yfir 9%. Vegna þeirra óviðráðanlegra aðstæðna sem voru vegna COVID faraldar hefur það haft áhrif á nemendur og starfsfólk. Ástundun nemenda er ábótavant og það endurspeglast í virkni, mætingu og brottfalli. Enn má greina áhrif faraldursins í skólastarfi en árangurinn á árinu 2024 gefur von um að virkni nemenda sé að aukast og færri að segja sig úr áfanga og/eða hætta í námi.

Tafla 5. Brotthvarf í dagskóla VMA 2020-2024

| Ár   | Vor   | Haut  | Meðaltal |
|------|-------|-------|----------|
| 2020 | 5,11% | 9,5%  | 7,3%     |
| 2021 | 10%   | 9,6%  | 9,8%     |
| 2022 | 10,1% | 11,7% | 10,9%    |
| 2023 | 13,6% | 11,2% | 12,4%    |
| 2024 | 8,86% | 11,7% | 10,28%   |

Allt of oft fá stjórnendur ekki skýringar á því af hverju nemendur hætta í námi og sumir nemendur láta aldrei vita af því að þau séu hætt í skólanum, þau bara hætta að mæta og svara ekki tölvupóstum né hafa samband við skólann. Flestir nemendur sem hætta námi hætta vegna andlegra veikinda og skólaleiða.



---

## Brautskráningar

Vorútskrift fór fram í Menningarhúsinu Hofi 25. maí 2024. Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, sem lauk námi í rafiðn, flutti ávarp fyrir hönd brautskráningarnema. Tónlistarmaðurinn Anton Líni, sem er fyrrverandi nemandi í VMA og hefur verið að hasla sér völl á tónlistarbrautinni á undanförunum árum flutti tvö af lögum sínum við athöfnina. Alls voru 140 nemendur brautskráðir af 17 námsleiðum.

Útskriftin í desember fór fram í Hofi 21. desember þar sem 116 nemendur voru brautskráðir af 17 námsleiðum. Um tónlistaratriði sá annars vegar Hafdís Inga Kristjánsdóttir, sem er fyrrverandi nemandi við skólann og tók á sínum tíma þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd VMA, og hins vegar Svavar Máni Geislason, útskriftarnemi á fjölgreinabraut. Ávarp brautskráningarnema flutti Stefanía Tara Þrastardóttir, sem útskrifaðist úr námi í hársnyrtiðn.

Í skólanum eru haldin sveinspróf í ýmsum iðngreinum á hverju ári. Sumar greinar halda sveinspróf tvisvar á ári og má þar nefna húsasmíði, rafvirkjun og vélvirkjun. Iðan fræðslusetur sér um framkvæmd sveinsprófa í flestum iðngreinum en Rafiðn sér um sveinspróf í rafvirkjun og rafeindavirkjun. VMA leggur til húsnæði til sveinsprófa og geta nemendur komið alls staðar af landinu til að klára sveinsprófið þegar það er haldið hér.



## Stefnumótun, samstarfs- og þróunarverkefni

**Gæðakerfið** er í stöðugri þróun innan skólans. Á árinu voru endurskoðaðar nokkrar verklagsreglur og lögð áhersla á að einfalda kerfið. Að venju var gæðakerfi skólans tekið út á báðum önnum og hefur skólinn fengið staðfestingu á ISO-9001 vottun skólans. Á árinu var skipt um vottunaraðila og kerfið nú vottað af iCert sem er úttektar- og vottunarfyrirtæki. Jafnframt var ákveðið að nám í vélstjórn yrði einungis tekið út og vottað en gæðakerfi VMA gildir eftir sem áður um allt skólastarfið. Hafa þarf að leiðarljósi að létta gæðakerfið þannig að það taki ekki of

---

mikinn tíma frá kennurum og stjórnendum án þess að það skerði þau gæði sem skólinn stendur fyrir. Nánari samantektir er varða gæðakerfið eru í skýrslum gæðaráðs, [rýni stjórnenda](#) (önn), sem finna má á heimasíðu skólans.

**Námsmat í VMA** er í stöðugri þróun. Allir nemendur skólans fá mat í Innu um miðja önn á svokallaðri Bifröst. Áhersla er lögð á mat og leiðsögn kennara á gengi nemenda í hverjum áfanga. Námsmatsreglur taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og símat sem gefur nemendum uppbyggilega og hvetjandi leiðsögn og metur vinnuframlag nemenda jafnt og þétt yfir önnina. Nánar má sjá um [námsmatsreglur](#) á heimasíðu skólans.

VMA er með **jafnlaunavottun** og vinnur eftir þeim stöðlum sem þar eru settir. VMA hlaut viðurkenningu Jafnréttsvogarinnar 2023 og var gerð úttekt á árinu 2024 án athugasemda.

**Öryggismál.** Öryggisnefnd fundaði reglulega á árinu þar sem rætt var um ýmis öryggismál er varða starfsfólk. Enn er unnið að úrbótum úr áhættumati frá árinu 2019 og standa fyrst og fremst eftir verkefni sem eru stór að umfangi og lúta að Framkvæmdasýslu Ríkiseignir. Á haustönn var haldin rýmingaræfing sem gekk mjög vel þar sem húsnæði skólans var allt rýmt á fimm mínútum.

**Endurskoðun á námsbrautum** skólans var haldið áfram á árinu. Aðalnámskrá býður upp á meiri sveigjanleika en áður og skólar fá tækifæri til að marka sér sérstöðu. Kennarar og stjórnendur hafa því haft tækifæri til að laga námið í skólanum að sérstöðu skólans, nemendahópsins og nærsamfélagsins. Á árinu var unnið að breytingum á námi til stúdentspróf á listnámsbraut og endurskoðun á námi í vélstjórn er í vinnslu í samstarfi við Tækniskólann. Skólameistarar iðn- og starfsnámsmsskóla funduðu á árinu um sameiginlega vinnu við breytingar á námskrá í húsnámsmíði. Breyting á hæfniviðmiðum starfa og innleiðing reglugerðar um vinnustaðanám hefur áhrif á námsbrautir í iðn- og starfsnámi og kalla á endurskoðun námsbrauta. Skólinn hefur skilgreind [lokamarkmið](#) náms við skólann sem birt eru á heimasíðu VMA en heimasíðan er jafnframt skólanámskrá VMA.

VMA tekur þátt í verkefninu **Heilsueflandi framhaldsskóli** undir leiðsögn frá Embætti landlæknis. Verkefnið hefur verið í lægð undanfarin ár bæði innan skólans og innan Embætti landlæknis. Búið er að endurskoða verkefnið og byggja það upp með nýjum hætti með nýjum viðmiðum í stað eldri gátlista. Starfsfólk nemendabjónustu funda vikulega á starfstíma skóla til að ræða ýmis mál er varðar heilbrigði og vellíðan nemenda. Á þeim fundum eru forvarnarfulltrúi, báðir náms- og starfsráðgjafar skólans, skólahjúkrunarfræðingur og viðburðarstjóri.

Haldið var VMA-hlaup í lok apríl en sama dag var jafnframt Opið hús í skólanum. Í september var haldin Íþróttavika undir merkjum Beactive Íþróttviku Evrópu. Fjöldi viðburða voru skipulagðir með það að markmiði að efla almenna hreyfingu m.a. opnir tímar í íþróttasal, kennsla í viðhaldi reiðhjóla, róðraáskorun, folfmót, hjólaferðir og gönguferðir.

---

Hefð er komin fyrir því að **þemavika** tengist inn á markmið HEF og Heimsmarkmiða. Á vorönn var unnið með Heimsmarkmið nr. 12; *Ábyrgð neysla og framleiðsla*, nr. 14; *Líf í vatni* og nr. 15; *Líf á landi*. Jafnframt voru deildir hvattar til að vinna með þemað VMA í 40 ár. Haustið 2024 var smá breyting á og haldin þemavika þar sem áherslan var á að vinna með „gleði og nám í VMA í 40 ár“ í tilefni af afmælisári skólans. Í þemaviku eru kennarar hvattir til að tengja þemu við viðfangsefni áfanga sinna og vinna að þeim með nemendum sínum.

**Samstarf við skóla á NA-landi (SAMNOR).** Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Tröllaskaga hafa síðan árið 2015 unnið saman að ýmsum málum er varða skólastarf á svæðinu. Gerður var samstarfssamningur um ákveðin verkefni skólanna og unnin starfsáætlun á hverju ári. Verkefnastjóri hefur unnið með skólameisturum skólanna og hefur SÍMEY tekið að sér það verkefni. Sú breyting varð á árinu að samningur við SÍMEY var ekki endurnýjaður en skólameistarar halda áfram að hittast með reglulegum hætti á stað- og fjarfundum til að ræða sameiginleg verkefni skólanna sem sérstaklega snúa að sameiginlegum verkefnum eins og samstarfi við grunnskóla, sveitarstjórnir og að halda sameiginlega fræðslufundi starfsfólks. Haustið 2023 var haldið sameiginlegur fræðsludagur með starfsfólki skólanna og var sá fundur haldinn í MA og VMA. Næsti fundur verður haldinn á Sauðárkróki haustið 2025 en FNV hefur alltaf tekið þátt í þessum sameiginlega fræðsludegi.

**Samstarf við grunnskólana** á Akureyri. VMA býður upp á samvalsgreinar í vali fyrir 9. og 10. bekk. Á vorönn 2024 voru tveir hópar í rafiðnum, tveir í hárið, einn í listnámi og þrír í matreiðslu, alls 67 nemendur. Á haustönn var einn hópur í framreiðslu og einn í sjúkraliðanámi, alls 25 nemendur. Mikil ánægja er með þetta samstarf en markmið þess er að efla áhuga ungs fólks á iðn- og starfsnámi.

Skólinn tók á móti tæplega 500 nemendum úr grunnskólunum á upptökusvæði skólans, aðallega úr 10. bekk, í lok október. Nemendur fá kynningar á náminu í VMA og þau sem koma frá öðrum sveitarfélögum en Akureyri fá að auki kynningu á heimavistinni.



---

**Samstarf við háskóla** gæti verið meira. Skólastjórnendur hafa ítrekað óskað eftir því að nemendur í grunn- og framhaldsnámi við Háskólann á Akureyri komi í skólann til að vinna að rannsóknum og lokaverkefnum. Kennaranemar komu á árinu til að taka starfsþjálfun og vettvangsnám, bæði frá kennaradeild HA og menntavísindasviði HÍ. Þá voru nemendur í náms- og starfsráðgjöf í starfsþjálfun við skólann. Allt of fáir iðnmeistarar í kennsluréttindanámi hafa komið í skólann á síðustu árum til að taka vettvangsnám við skólann og er það áhyggjuefni upp á framtíðina enda lítið um fyrirspurnir og umsóknir ef auglýst er eftir iðnmeisturum/kennurum í iðn- og tæknigreinum. Sex leiðbeinendur í VMA stunduðu nám í kennsluréttindum á árinu sem er afar mikilvægt fyrir skólastarfið.

**Samstarf við símenntunarstofnanir**, þá sérstaklega SÍMEY á Akureyri, er mjög gott. Helstu verkefni tengjast raunfærnimati og námskeiðshaldi. Skólameistari VMA sat í stjórn SÍMEY á árinu sem sameiginlegur fulltrúi VMA, MA og HA. Þá er skólinn í góðu samstarfi við Iðuna og Rafmennt hvað varðar ýmsa þætti í verklegu námi, námskeið, ferilbók og sveinspróf.

VMA tekur þátt í óformlegu **samstarfi iðn- og starfsnámsskóla**. Fundað var reglulega á fjarfundum þar sem fjallað var um sameiginleg mál er varða nemendur í iðn- og starfsnámi, húsnæðismál, aðstöðu ásamt ferilbókinni og innleiðingu hennar. Þá var mikið rætt um aukna aðsókn í iðn- og starfsnám en hafna þurfti mörgum sem sóttu um í iðn- og starfsnámi á haustönn 2024. Ljóst er að gera þarf miklar breytingar á húsnæði skólanna til að anna þessari auknu aðsókn en á árinu skrifaði Mennta- og barnamálaráðherra undir samninga um stækkun fjögurra iðn- og starfsnámsskóla m.a. VMA. Vinna við mati á húsnæðisþörf og hönnun fór fram á árinu en engar ákvarðanir verið teknar um upphaf framkvæmda né í hvaða röð framkvæmdir verði.

**FabLab - stafræn smiðja í Eyjafirði.** Árið 2015 var FabEy stofnað um rekstur FabLab-smiðju sem staðsett yrði í VMA. Stofnaðilar FabEy eru VMA, SÍMEY, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Akureyrarbær. FabLab-smiðjan er ætluð frumkvöðlum, nemendum, almenningi, fyrirtækjum og stofnunum. Smiðjan opnaði á vorönn 2017 og hefur smátt og smátt verið að auka við starfsemi sína. Nemendur VMA sem vinna lokaverkefni við skólann hafa í auknum mæli nýtt sér FabLab ásamt því að hluti af kennslu áfanga í rafiðn, á vélstjórn, starfsbraut og listnámsbraut fer fram í FabLab. Smiðjan er rekin með samningum við Mennta- og barnamálaráðuneytið annars vegar og hins vegar atvinnu-, háskóla og nýsköpunarráðuneytið. Árið 2022 var óskað var eftir nýjum samning við Akureyrarbæ sem tók mjög langan tíma og var ekki undirritaður fyrr en þegar langt var liðið á árið 2023. Þessi óvissa í fjármögnun smiðjunnar setur rekstur smiðjunnar þröngar skorður. FabEy gefur út ársskýrslu á hverju ári og þar má sjá nánar um starfsemi smiðjunnar.

**Þriðjudagsfyrirlestrar** eru samvinnuverkefni VMA, Listasafnsins á Akureyri og Gilfélagsins. Fyrirlestrarnir eru haldnir í Listasafninu á Akureyri og er hluti af námi nemenda á listnámsbraut að sækja fyrirlestrana. Meðal fyrirlesara á árinu voru Ýr Jóhannsdóttir Ýrúrarí sem fjallaði um *endurnýtingu fatnaðar með humor* og

---

*leikgleði*, Bergur Þór Ingólfsson var með fyrirlestur sem bar heitið *Sagnadýrið – Um mikilvægi leikhússins í nútímasamfélagi*, Snæfríður Sól Gunnarsdóttir fjallaði um listsköpun sína í fyrirlestrinum; *Vega og meta, mega og veta – Gjörningar og óhefðbundin sýningarrými*. Loji Höskuldsson fjallaði um myndlist sína innblásin af hversdagsleika; *Hversdagslegir þræðir*. Finnka listakonan Sanna Vatanen hélt fyrirlestur undir yfirskriftinni *Woolly Tales of a Textile Artist* þar sem Sanna sagði frá vinnu sinni í textílhönnun og löngu sambandi sínu við Ísland. Svissneski myndlistarmaðurinn Donat Prekorogja sagði frá listsköpun sinni í fyrirlestri sem hann kallaði *Smiling Pebbles*. Heiða Björk Vilhjálmsdóttir fjallaði um Kötusaumkonu: *Frá hugmynd til sýningar* en í fyrirlestrinum sagði Heiða frá myndlist Katrínar og sýningu sem sett var upp með verkum hennar. Þórgunnur Þórsdóttir fjallaði um myndlist og ljósmyndun sína undir yfirskriftinni *Með myndlistina í bakpokanum*. Guðrún Hadda Bjarnadóttir, handverks- og myndlistarkona hélt fyrirlestur undir yfirskriftinni *Dyngjan – listhús og Yuliana Palacios* hélt fyrirlestur um dansvídeohátíðina Boreal Screendance Festival. Sellóleikarinn Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir var með fyrirlestur undir yfirskriftinni *ListaÉg* þar sem hún velti fyrir sér listferli og listalífi frá ýmsum hliðum.

Listnámsbraut VMA hefur undanfarin ár komið að undirbúningi og framkvæmd hinar alþjóðlegu ***A! gjörningahátíðar á Akureyri***. Hátíðin sem var haldin í október er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Leikfélags Akureyrar, Menningarhússins Hofs, Gilfélagsins, Vídeólistahátíðarinnar Heim, Listnámsbrautar VMA og Myndlistarmiðstöðvar. A!, er eina hátíðin á Íslandi sem einbeitir sér eingöngu að gjörningalist. Fimm nemendur á listnámsbraut tóku jafnframt þátt með eigin gjörning á hátíðinni. Gjörningurinn gekk út á að flytja þekktan slagara Ég er kominn heim– samkvæmt sínu höfði átta sinnum og með því að nemendur skiptust á hljóðfærum, m.ö.o. spreyttu sig á mismunandi og ólíkum hljóðfærum. Nemendur sögðu að það hefði þurft að viðurkennast að það hafi gengið heldur illa að spila á öll þessi mismunandi hljóðfæri og eftir að hafa horft á myndbandsupptöku af flutningnum hafi þau komist að því að útkoman hafi eiginlega verið hræðileg - svona tónlistarlega séð. En þetta var nú einu sinni gjörningur og þá er að sjálfsögðu allt leyfilegt.

VMA hefur tekið þátt í **Ritlistakeppni ungskálda** sem er keppni fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára og er keppnin haldin í nóvember á ári hverju. Markmiðið er fyrst og fremst að efla ritlist og skapandi hugsun hjá ungu fólki. Textar sem sendir eru inn í keppnina þurfa að vera á íslensku og vera frumsamið hugverk. Samhliða keppninni er boðið upp á kaffihúsakvöld ungskálda sem og námskeið í skapandi skrifum undir handleiðslu rithöfunda úr ýmsum áttum. Í nefnd Ungskálda eru fulltrúar frá atvinnu-, markaðs- og menningarteymi Akureyrarbæjar, Verkmenntaskólanum á Akureyri, Menntaskólanum á Akureyri, Ungmennahúsinu í Rósenborg og Amtbókasafninu. Í ár var keppnin haldin í 12 sinn. Boðið var upp á kaffihúsakvöld þar sem ungskáld gátu lesið úr verkum sínum og rætt málin og einnig tvær ritlistasmiðjur þar sem annars vegar Vigdís Hafliðadóttir, söngkona,



---

uppistandari og textasmiður, og hins vegar Ævar Þór Benediktsson rithöfundur, voru leiðbeinendur. Kaffihúsakvöldið og ritlistasmiðjurnar sækja ungmenntin sér að kostnaðarlausu.

Öflugt **samstarf er við ýmis fyrirtæki og stofnanir** í nærumhverfi skólans. Nemendur í almennu starfsnámi hafa fengið starfsþjálfunarpláss innan margvíslegra fyrirtækja og stofnana og þá eru á hverjum tíma nemendur á samningi hjá ýmsum iðnfyrirtækjum og meisturum. Þá taka ýmis fyrirtæki og stofnanir á móti nemendahópum og halda kynningar á starfsemi sinni.

Stéttarfélög og fagfélög koma reglulega í skólann og kynna starfsemi sína fyrir nemendum og kennurum má þar helst nefna fagfélög innan Iðunar og Rafiðnaðarsambandsins.



*Nemendur á Íslenskubraut bjóða upp á bakkelsi frá Brasilíu, Venesúela og Kólumbíu.*

## Gjafir til skólans

Skólanum bárust ýmsar gjafir á árinu og er það afar mikilvægt að finna fyrir þeim velvilja sem skólinn hefur úti í atvinnulífinu og í nærsamfélaginu. Hér verður gerð grein fyrir þessum gjöfum en þetta er ekki tæmandi listi yfir þær gjafir sem skólinn hefur fengið á árinu.

Fyrirtækin *Sandblástur* og *málmhúðun - FerroZink* ásamt *birgjum*, *Byggið* og *VMA* styrkja nemendur í byggingdeild um persónuhlífar og þann hlífðar- og öryggisfatnað sem námið gerir kröfur um. Fyrirtækin hafa útbúið sérstakan fata- og öryggispakka fyrir nemendur sem fyrirtækin greiða niður og nemendur geta keypt á mjög góðu verði. Í þeim pakka sem samstarfið tekur til er stuttermabolur, hettupeysa, vinnujakki, smíðabuxur, öryggisskór, heyrnarhlífar, hlífðargleraugu, hjálmur og rykgríma.

---

*Félag málmíðnaðarmanna, Félag vélstjóra og málmæknimanna og Félag iðn- og tæknigreina* gáfu öllum nemendum í grunndeild málmíðna vinnugalla. Hefð er komin á þessa gjöf sem styrkir tengslin á milli nemenda við framtíðar stéttarfélög þeirra.

Í september var öllum nemendum í grunndeild rafiðna færðar að gjöf vinnubuxur frá *Rafmennt*. Kennarar í rafiðngreinum og *Rafmennt* hafa lengi átt í góðu samstarfi um gerð kennsluefnis. Meðal annars hefur *Rafmennt* unnið að því að þýða og staðfæra app fyrir rafvirkja og einnig er unnið að því, að frumkvæði rafiðnbrautar VMA, að þýða texta apps sem hugsað er til þess að kenna nemendum hugtök í rafiðngreinum yfir m.a. verkfæri og efni.

*Johan Rönning/Sindri* á Akureyri og *Kraftbílar* færðu námsbraut í bifvélavirkjun að gjöf tvo verkfæraskápa fulla af ýmsum verkfærum sem nýtast vel í námi í bifvélavirkjun. *Kraftbílar* gáfu Toptul verkfæraskáp og DeWalt verkfæri en *Sindri* gaf jafnframt Toptul verkfæraskáp og ýmis verkfæri sem voru færð nemendum og kennara í bifvélavirkjun.

*Johan Rönning* styrkti gerð og uppsetningu á 40 stýritöflum sem notaðar verða í kennslu rafvirkja og rafeindavirkja. Kennarar í rafiðndeild höfðu lengi horft til þess að hver nemandi hefði afnot af stýritöflu og þannig gæti hver og einn unnið að verkefnum á sínum eigin hraða. Kennarar brautarinnar ákváðu að ráðast í þetta verkefni en *Björn Hreinsson*, einn af kennurunum, hefur leitt verkefnið og lagt línur um hönnun stýritaflanna. Hver tafla er spónaplata og á hana eru festur búnaður sem til þarf. Allt sett upp eftir kúnstarinnar reglum og eitt og annað í töfluna þrívíddarprentaði *Björn*. En annan búnað þurfti að fá frá birgjum og þar kom *Johan Rönning* að verkefninu með því að láta í té búnað fyrir allar 40 stýritöflurnar.

Byggingafyrirtækið *Húsheild/Hyrna* færði rafiðndeild VMA að gjöf borðplötur í kennslustofu fyrir stýringar. Þessi gjöf var nýtt í fyrrnefnt verkefni sem kennarar í rafiðndeild hafa verið að vinna en til að taka í notkun nýjan kennslubúnað fyrir stýringar þurfti aukið borðrými. *Húsheild/Hyrna* ákvað að gefa deildinni borðplötur sem hafa síðan verið smíðaðar inn í kennslurýmið þar sem stýringarnar eru kenndar.

*Reykjafell* og framleiðandinn *Eaton* gáfu námsbraut í rafiðn ýmsar gerðir af stýriliðum og stýribúnaði sem kemur heldur betur að góðum notum í gerð stýritaflanna og í kennslu í stýringum. *Reykjafell* gaf þessa gjöf í tilefni af 40 ára afmæli skólans.

*RARIK* færði rafiðnaðardeild skólans úttektarmæla að gjöf í tilefni 40 ára afmæli VMA og sem þakklætisvott til skólans en næstum allir starfsmenn *RARIK* á svæðinu eru útskrifaðir frá VMA. Þessir úttektarmælar eru samskonar og rafvirkjar nota dags daglega í störfum sínum við mælingar á viðnámi og almennri úttekt á rafmagni í húsum.

---

Heildsala *Halldórs Jónssonar* gaf námsbraut í hársnyrtiiðn Climazone hitatæki, í tilefni af 40 ára afmæli VMA. Tækið mun koma að góðum notum og fyrir löngu kominn tími á að endurnýja það. Þessi gjöf Halldórs Jónssonar var því afar kærkomin fyrir nemendur og kennara í hársnyrtiiðn. Þetta nýja hitatæki, sem er mjög öflugt, er fyrst og fremst notað í háralitun og permanent og býr yfir bæði blæstri og þurrkun.

*Rafmenn* á Akureyri færði rafiðnbraut VMA veglega afmælisgjöf á 40 ára afmælisári skólans, gjafabréf að upphæð kr. 500.000 til endurnýjunar á verkfærum og búnaði til kennslu í rafvirkjun/rafeindavirkjun.

*Motul* á Íslandi færði námsbraut í bifvélvirkjun þvottakar að gjöf. Í karinu eru þvegnir vélarhlutar með lífrænni sápu sem er haldið í um 30°C hita. Einnig er í karinu dælubúnaður með þvottabursta. Þessi nýja tegund af þar til gerðu þvottakari, þar sem vistvænn þvottur er í öndvegi, kemur í stað eldri útgáfu þar sem notast var við olíuhreinsi. Sem þýðir að lyktin er á bak og burt og loftgæðin því allt önnur og betri.

Gagnaversfyrirtækið *atNorth* á Akureyri færði skólanum/rafiðnbraut að gjöf fullkomna stýritöflu sem m.a. mun nýtast sérstaklega vel í kennslu nemenda á fimmtu önn í rafvirkjun í áfanganum Rökrásir. Sambærilegar stýritöflur notar *atNorth* í gagnaveri sínu við Rangárvelli ofan Akureyrar og því er um að ræða nýjasta búnað af þessum toga. Andvirði hans eru nokkrar milljónir króna.

*Smith & Norland* færðu rafdeild VMA að gjöf tuttugu stýrikassa, sem nýtast afar vel í kennslu í stýringum. Kassarnir nýtast staklega vel í áfanganum Raflagnir 5, en þar er farið í eitt og annað sem tengist raflögnum og töflusmíði. Rafdeild átti tíu slíka skápa en *Smith & Norland* gaf henni tuttugu kassa til viðbótar sem að breyti öllu í kennslunni því í stórum námshópum geti nú allir nemendur unnið með sinn stýrikassa.



---

## Erlent samstarf

Verkmenntaskólinn á Akureyri leitast við að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í þeim tilgangi að læra af öðrum og miðla þekkingu og reynslu. Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum og starfsfólki tækifæri til að kynnst námi og starfi erlendis og með því mögulega leggja grunninn að frekara samstarfi eða námi síðar. Á þeim vettvangi standa skólanum til boða ýmsir kostir sem grundvallaðir eru með styrkjum úr Erasmus plus og Nordplus áætlunum, auk þess sem Uppbyggingarsjóður EES rekur eitt verkefnið. Þá fær skólinn heimsóknir á hverju ári frá erlendum, skólum og stofnunum og eru slíkar heimsóknir oft nýttar til að styrkja erlent tengslanet skólans. Erlend samskipti gengu almennt vel fyrir sig og á árinu 2024 fékk VMA styrk og var þátttakandi í fimm erlendum verkefnum; tvö sem styrkt eru af Erasmus+, tvö sem styrkt eru af Nordplus og eitt sem er fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES.

### Nám og þjálfun - (mobility styrkir)

Árið 2023 fékk VMA svokallaða Erasmus+ aðild sem gildir í sjö ár. Aðildin býður upp á mörg tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Nemendur á verknámsbrautum geta farið erlendis í starfsnám til styttri eða lengri tíma, keppnir eða í hópferðir með kennara. Starfsmenn geta farið í starfsspeglanir, námskeið og kennaraskipti. Nemendur á bóknámsbrautum hafa tækifæri á hópferðum með kennara og skiptinámi. VMA hefur nú aðgang að aðild bæði VET (verknámsmegin) og SCH (bóknámsmegin), svo allir starfsmenn skólans ættu að geta nýtt sér þessa styrki.

Á árinu fóru tveir nemendur á styrk í starfsnámi, annars vegar nemandi sem fór til Noregs og tók hluta af starfsnámi sínu í hárið. Nemandi í þjónanámi fór og tók hluta af starfsnámi sínu á hóteli í Sevilla á Spáni. Á sama tíma fór Ari Hallgrímsson brautarstjóri á matvælabraut og hitti nemandann á meðan hann var í náminu ásamt því að kynna sér aðstæður til náms á hótelinu.

Níu útskriftarnemendur ásamt Hildi Salínu og Hörpu kennurum í hárið fóru í námsferð til Malaga á Spáni. Þessi námsferð er orðin fastur liður í námi nemenda í hárið.

Baldvin Ringsted fagstjóri í ensku fór á tengslaráðstefnu í Dublin á Írlandi, afurð þeirra ráðstefnu er að kennarar frá VMA munu heimsækja tvo írsku skóla. Vala Húnbogadóttir sem leysti af sem verkefnastjóri erlends samstarfs í VMA á árinu, fór á tengslaráðstefnu á vegum Erasmus+ sem haldin var í Sevilla á Spáni. Í kjölfar ráðstefnunnar lýstu aðilar við skólann í Santiago de Compostela áhuga á að heimsækja VMA.

### BlendVET (2021-2024)

Verkefnið er fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES og er samstarfsverkefni þriggja landa; Íslands, Slóveníu og Noregs. Meginviðfangsefni BlendVET er að efla stafræna færni og þróa kennslufræðilegar lausnir til að innleiða blandað nám á verknámsbrautum. Verkefnið byggir á samstarfi milli verknámsskóla og háskóla í hverju landi fyrir sig og eru Háskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri fulltrúar Íslands í verkefninu. Kennarar á byggingadeild,

---

hársnyrtibraut og í listnámi taka þátt í verkefninu fyrir hönd VMA. Verkefninu lauk á árinu með fundi allra aðila í VMA í apríl. Níu kennarar frá þremur skólum í Noregi og 29 kennarar frá sjö skólum í Slóveníu tóku þátt í dagskrá sem skipulögð var í samstarfi VMA og Háskólans á Akureyri. Tekið var á móti hópnum í Reykjavík og farið í stutta heimsókn í Tækniskólann þar sem fulltrúi frá Menntamálastofnun kynnti íslenska skólakerfið fyrir þátttakendum. Þegar komið var til Akureyrar var farið í heimsókn í Háskólann á Akureyri, Menntaskólann á Tröllaskaga og VMA skoðaður. Fundurinn gekk vel og er mikill áhugi á áframhaldandi samstarfi milli skóla á einn eða annan hátt. Afurðir verkefnisins er að byggingadeild bjó til 360° rafræna kennslustofu, þar sem hægt er að ganga um stofuna og skoða hvernig vélbúnaður virkar og hægt er að skoða öryggismál með myndböndum. Listnámsbraut bjó annars vegar til myndbönd um uppsetningu í íslenska vefstólinn, og um notkun Fab-Lab í kennslu. Hárgreiðslubrautin útbjó myndbönd sem má nota fyrir verklega heimavinnu hársnyrtinema. Heimasíða verkefnis er BlendVET / KIPSI.

### **KlimaAngst – Nordisk vennskap for å møte unges klimaangst - et nordisk språkprosjekt (2023-2025)**

Þátttakendur í verkefninu eru skólar í Danmörku, Noregi, Færeyjum, Svíþjóð ásamt VMA. Verkefnið snýst um loftslagsmál og vinna með nemendum að þessum málum svo þau átti sig á áhrifum mannsins á náttúruna og hvernig lofslagsmál hafa áhrif á þeirra nærumhverfi. Þetta verður gert með fyrirlestrum, vinnustofum, skoðunarferðum o.fl., auk þess sem ætlunin er að kynna fyrir nemendum hvernig rithöfundar, listamenn, fjölmiðlar, vísindi o.s.frv. lýsa áhyggjum af stöðu loftslagsmála í heiminum. Þeir fá að koma á framfæri hugmyndum sínum í gegnum tungumál, skapandi verkefni o.fl. Nemendur fá einnig tækifæri til þess að deila reynslu sinni og kynnast reynslu annarra þjóða. Ætlunin er að kennarar landanna heimsækja hvern annan á þriggja ára tímabili, deila reynslu sinni og nemenda sinna með gestgjöfum. Hjá okkur í VMA er ætlunin að nýta verkefnið í kennslu í dönsku og íslensku. Einn fundur voru haldinn á árinu og fór Annette deVink dönskukennari til Campus Bornholm í Svíþjóð.

### **FING verkefnið**

Í meira en áratug hefur VMA átt í góðu samstarfi við skóla í Noregi, Færeyjum og á Grænlandi – samstarfið hefur verið kallað FING – sem eru upphafsstafir landanna. Verkefnið nýtur stuðnings Nordplus - menntaáætlunar norrænu ráðherranefndarinnar. Hinir þrír skólarnir í þessu FING-verkefni eru Vinnuhaskulin í Þórshöfn í Færeyjum, Fagskolen Rogaland í Stavanger í Noregi og Arctic Technology/KTI rástofskolen í Sisimiut á Grænlandi. Áhersla FING í þessu verkefni er á sjálfbærni og grænar lausnir í orkumálum og að gera samnorræna kennsluhandbók í grænum fræðum fyrir verkgreinakennara þar sem áhersla er lögð á að innleiða umhverfisvænni leiðir í kennslu og huga enn betur að sjálfbærni t.d. í vélstjórn. Í Sisimiut er áherslan á grænar lausnir í námavinnslu, sem er umtalsvert umfangsmikil á þessu svæði. Jarðhitinn er áherslan í þessu verkefni af hálfu Íslands, Færeyingar hafa verið í stóru þróunarverkefni með



---

orkugjafa eins og metanól og vetni og fleiri lausnir – t.d. vindorku - fyrir skip og í Stavanger er horft til fallorkunnar. Í mars var haldin vefráðstefna í verkefninu undir stjórn skólans í Færeyjum. Boðið var upp á fundinn í VMA fyrir þá sem vildu taka þátt með því að vera á staðnum. Sævar Páll kennari í vélstjórn hélt erindið: *Green shift in thermal energy*. Í október fóru Hanna Þórey Guðmundsdóttir, Benedikt Barðason og Sævar Páll Stefánsson á fund í Sisimut á Grænlandi þar sem unnið var að verkefninu undir yfirskriftinni *Green Shift in Education*. Haldinn verður lokafundur í þessu verkefni í Stavanger haustið 2025.



*Þátttakendur í Fing verkefninu á fundi í Sisimut í Grænlandi*

Mikið er um fyrirspurnir til VMA um þátttöku í erlendu samstarfi og þarf skólinn að vísa frá fjölmörgum beiðnum um samstarfsverkefni. Á hverju ári tekur skólinn á móti gestum utan þeirra heimsókna sem eru innan þeirra verkefna sem eru í gangi á hverjum tíma.

Almanaksárið 2024 sendi VMA fimm starfsmenn og 11 nemendur, alls 16 manns í ferðir erlendis á styrkjum frá Erasmus+, Nordplus og Uppbyggingarsjóði EES. Fulltrúar VMA fóru til alls fimm landa; Svíþjóðar, Noregs, Írlands, Spánar og Grænlands. Þá tók VMA á móti 60 gestum frá sjö löndum, bæði nemendur og starfsfólk. Hópur kom frá Hollandi til að kynna sér skóla án aðgreiningar, kennari frá Spáni var hér í starfsspeglun í tvær vikur, kennarar frá skóla á Spáni komu í dagsheimsókn í VMA, kennari frá Hollandi kom og kynnti sér sjúkraliðanámið í VMA. Hér voru tveir kennarar frá Frakklandi í starfsspeglun og tveir aðilar frá skóla í Austurríki voru í þrjá daga í VMA og kynntu sér íslenskt skólakerfi. Í október var haldið stórt málþing um lýðheilsu hinsegin nemenda á landsbyggðinni og þá voru hér aðilar frá Færeyjum, Svíþjóð og Belgíu sem tóku þátt í ráðstefnunni. Í október kom hingað 16 manna hópur frá Hollandi sem kynnti sér starfið í VMA en heimsóknin var hluti af kynningarferð þeirra um skólakerfið á Íslandi með áherslu á landsbyggðina, nemendur af erlendum uppruna og skóla án aðgreiningar.

---

VMA hlaut fyrirmyndarverðlaun Erasmus+ í lok maí. Verðlaunin fær VMA fyrir þátttöku sína í vel heppnuðum verkefnum og sérstaklega fyrir Electeam verkefnið þar sem nemendur í rafiðn tóku þátt í með kennurum sínum. Mikil viðurkenning er fyrir skólann að fá þessi verðlaun.

Nánar má sjá um erlent samstarf og samstarfsverkefni á heimasíðu skólans.

Enginn AFS skiptinemi var í VMA á árinu.

## Sjálfsmat og eftirfylgni

Lögð er áhersla á að markmið séu sett á ýmsum sviðum skólastarfsins. Þessi markmið eru mælanleg og gerðar eru reglulega kannanir meðal nemenda og starfsmanna í því skyni að geta séð hvort settum markmiðum hefur verið náð. Helstu þættir sjálfsmats og eftirfylgninnar eru:

- **Kennslu- og áfangamat:** Nemendur meta kennsluna, aðstöðuna og námsefnið. Matið er lagt til grundvallar í starfsmannaviðtölum, samantekt á niðurstöðum birtar á heimasíðu og í skýrslu um rýni stjórnenda eftir hverja önn. Niðurstöður [kennslu- og áfangamats ársins](#) eru birtar á heimasíðu skólans. Kennarar hafa allir fengið niðurstöður úr könnunum ársins.  
**Framvindumat:** Kennarar meta hvernig kennslan gengur í hverjum áfanga og hvort þeir fylgi þeirri námsáætlun sem lagt var upp með. Matið er framkvæmt í lok hverrar annar og niðurstöður birtar í [rýni stjórnenda](#) sem finna má á heimasíðu skólans.
- **Áfangaskýrslur:** Kennarar gera skýrslur um hvern áfanga í lok annar. Skoðaður er árangur nemenda, hvernig áfanginn gekk og hvað má betur fara. Jafnframt kemur fram hvort einhverju hafi verið ábótavant í kennslunni. Niðurstöður eru ræddar á gæðaráðsfundum, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila.
- **Þjónustukönnun:** Þjónustukönnun VMA er gerð á 3ja anna fresti þar sem nemendur eru spurðir álits á ýmsum þáttum í skólastarfinu öðrum en kennslu. Viðhorf nemenda til þjónustu skólans er mikilvægt innlegg í þróun skólastarfsins og er það sameiginlegt verkefni nemenda, kennara og stjórnenda VMA að stuðla að þróun og umbótum í skólastarfi. Niðurstöður þessarar könnunar er innlegg í þá þróun og umbætur sem unnið er að og samkvæmt gæðakerfi skólans. Könnun var lögð fram á vorönn 2024 og fór fram í gegnum Innu. Könnunin var lögð fyrir 775 nemendur og var svarhlutfallið 33%. Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 90% nemenda svari spurningunni: *Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf* með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í þjónustukönnun á vorönn 2024 svara 32% mjög sammála og 57% frekar sammála eða alls 89% nemenda svara spurningunni mjög eða frekar sammála. Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 90% nemenda svari spurningunni: *Í skólanum líður mér vel* með því að svara mjög sammála eða frekar sammála. Í þjónustukönnun á vorönn 2024 svara

---

27% mjög sammála og 58% frekar sammála. Alls svara 85% nemenda spurningunni mjög sammála eða frekar sammála. Markmið varðandi líðan næst ekki en örlítið breyting er frá árinu 2022 þegar hlutfallið var 82%. Næsta þjónustukönnun fer fram á vorönn 2026.

- **Stofnun ársins:** Frá árinu 2016 hefur *Stofnun ársins* verið notuð sem hluti af innra mati skólans og sem starfsmanna- og stjórnendakönnun. Könnunin fór fram í nóvember 2024 og [niðurstöður](#) birtar í febrúar 2025. Farið var yfir niðurstöður VMA á starfsmannafundi í mars 2025.  
Í könnuninni er spurningum og niðurstöðum skipt niður í níu þætti: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti. Vægi þáttanna í heildareinkunn ákvarðast af þáttagreiningunni en stofnunum er síðan raðað eftir heildareinkunninni. Í VMA var svarhlutfallið gefið upp sem 60-69% og 84 svör. Skólinn fékk einkunnina 3,95 sem er örlítið lægra en árið 2023 (4,07) sem setti skólann í 29. sæti af 46 yfir stofnanir með fleiri en 90 starfsmenn. Skólinn lækkaði örlítið í flestum þáttum eða stóð í stað/hækkaði örlítið. Mest er ánægjan með samstarfsfólk og líðan en mest er óánægjan með t.d. loftgæði, hljóðvist og lýsingu sem eru sömu þættir og mældust með hæstu og lægstu einkunn árið 2023. Spurningar sem mæla gæðamarkmið skólans eru í þessari könnun. Gæðamarkmiðum varðandi ánægju starfsmanna er náð á önninni. Hins vegar nær skólinn ekki markmiðum varðandi aðbúnað, enn verið er að vinna að því að bæta aðstöðu skólans og verður það meðal annars gert með stækkun húsnæðis framtíðinni.
- **Innri úttektir:** Allar verklagsreglur gæðakerfisins og/eða einstaka hlutar gæðakerfisins eru teknir út árlega. Niðurstöður innri úttekta eru teknar fyrir á gæðaráðsfundi, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila. Gerð er grein fyrir samantekt innri úttekta í skýrslunni *Rýni stjórnenda* sem gerð er eftir hverja önn.
- **Ytra mat:** Úttektarmaður frá Vottun ehf hefur tekið út skólastarfið á hverri önn, athugar hvort skólinn sé að vinna eftir gæðakerfinu og uppfylli þá þætti sem þarf til að viðhalda vottuninni. Skólinn hefur verið með allt dagskólanám vottað en breyting varð á á árinu. Skipt var um vottunaraðila, nú tekur iCert út skólann og vottunin nær nú til náms í vélstjórn en allt skólastarfið er unnið út frá gæðakerfi skólans. Samgöngustofa tekur út nám í vélstjórn á fimm ára fresti en sú úttekt fór síðast fram í lok nóvember 2022.
- **Ytri úttekt MRN** fór síðast fram árið 2018 og má sjá niðurstöður úttektarinnar í skýrslu sem birt hefur verið á [vef MRN](#).
- **Frábrigði, ábendingar og kvartanir:** Allir þættir náms og kennslu eru stöðugt undir eftirliti gæðakerfis. Allir sem koma að kennslu og námi í skólanum hafa leiðir til að koma á framfæri tilkynningum á frábrigðum, ábendingum eða kvörtunum sem fram kunna að koma í starfsemi skólans. Þannig er hægt að skoða þessi tilvik með tilliti til þess hvort unnt er að gera úrbætur og tryggt að stöðugar umbætur séu framkvæmdar á allri starfsemi

skólans. Allar tilkynningar eru skráðar og teknar fyrir á gæðaráðsfundum og gerð grein fyrir þeim í rýni stjórnenda fyrir hverja önn. [Skýrslur um innra mat](#) í VMA má nálgast á vef skólans.

## Rekstur

### Yfirlit um afkomu ársins 2024

|                                                              | Skýr | 2024                 | 2023                 |
|--------------------------------------------------------------|------|----------------------|----------------------|
| <b>Tekjur</b>                                                |      |                      |                      |
| Tekjufærsla fjárveitinga .....                               | 2    | 2.555.899.204        | 2.397.960.143        |
| Aðrar tekjur .....                                           |      | 18.330.750           | 16.967.010           |
| Seld þjónusta .....                                          | 3    | 45.302.250           | 41.430.263           |
| Vörusala .....                                               |      | 8.093.415            | 13.385.423           |
| Framlög og ýmsar tekjur .....                                | 4    | 26.056.638           | 61.436.306           |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....                  | 2    | 106.964.068          | 24.701.185           |
| <b>Tekjur samtals</b>                                        |      | <b>2.760.646.325</b> | <b>2.555.880.330</b> |
| <b>Gjöld</b>                                                 |      |                      |                      |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....         | 5    | 2.051.462.052        | 1.935.271.882        |
| Annar rekstrarkostnaður .....                                | 6    | 696.542.061          | 669.619.648          |
| Afskriftir og niðurfærslur .....                             | 7    | 106.964.068          | 24.701.185           |
| <b>Gjöld samtals</b>                                         |      | <b>2.854.968.181</b> | <b>2.629.592.715</b> |
| <b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>                            |      | <b>(94.321.856)</b>  | <b>(73.712.385)</b>  |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>                    |      |                      |                      |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....               |      | 0                    | (430.354)            |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....                     |      | (539.863)            | (47)                 |
|                                                              |      | <b>(539.863)</b>     | <b>(430.401)</b>     |
| <b>Afkoma ársins</b>                                         |      | <b>(94.861.719)</b>  | <b>(74.142.786)</b>  |
| <b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b> | 2    |                      |                      |
| Rekstur .....                                                |      | (142.399.719)        | (74.142.786)         |
| Rekstrartilfærslur .....                                     |      | 47.538.000           | 0                    |
|                                                              |      | <b>(94.861.719)</b>  | <b>(74.142.786)</b>  |

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 2.760,6 milljónir og afkoma kr. -94,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -210,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 35,1 milljónir. Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2024. [Ársreikningur](#) er birtur á heimasíðu skólans. Undanfarin ár hafa verið skólanum fjárhagslega erfið og árið 2024 var engin undantekning. Skólinn var í skuld við Ríkissjóð allt árið og því nánast ekkert hægt að kaupa annað en nauðsynlegustu aðföng til kennslu og allar sértekjur notaðar í rekstur og dugði ekki til. Skólastjórnendur hafa leitað allra leiða til að greina fjárhagsvandann en erfitt að ráða við stærsta þáttinn sem eru laun starfsfólks og kostnaður á rekstri húsnæðis. Er það skoðun stjórnenda að einhvers staðar sé ekki rétt gefið í gegnum reiknilíkan framhaldsskóla til skóla eins og VMA með því námsframboði og þeim nemendahópi sem er í VMA. Fjárhagsleg staða skólans

---

kemur niður á öllu skólastarfi og gerir allan samanburð um skólastarf og skóla erfiðari.

Hátt hlutfall rekstrarfjár skólans fer í að greiða laun og reka húsnæðið. Þó svo að í reiknilíkani sé gert ráð fyrir ákveðinni hlutfallstölu í þágu kaupa á búnaði og tækjum hefur á undanförunum árum ekki verið neinn afgangur til þess að fjármagna nauðsynlega endurnýjun. Það er orðin mikil uppsöfnuð þörf fyrir innkaup á tækjum og búnaði sem bitnar á starfs- og námsaðstæðum fyrir starfsfólk og nemendur.

## Húsnæði

VMA er starfræktur í um 14,584 fermetra húsnæði að Hringteigi 2 á Akureyri. Um 80 kennslustofur eru í skólanum, líkamsræktarsalur, samkomusalir (Gryfja og M01) og skólabókasafn. Vinnurými og kaffistofa eru fyrir kennara í A-álmu og inni á einstaka brautum og álmum. Mötuneyti er í skólanum fyrir nemendur sem starfsfólk hefur einnig aðgang að en jafnframt er boðið upp á hádegishlaðborð í mötuneyti starfsfólks. Rekstur mötuneytis hefur verið á vegum Mötuneytis Menntaskólans á Akureyri frá vorönn 2023.

Skólinn leigir húsnæði Íþróttahallarinnar á Akureyri til íþróttakennslu en mjög er þrengt að húsnæði sem skólinn getur nýtt til íþróttakennslu þar sem tímum sem skólinn fær aðgang að í Íþróttahöllinni hefur fækkað. Einungis kennslustundir sem tilheyra Íþrótt- og lýðheilsubraut eru kenndar í Íþróttahöllinni. Að öðru leiti fer kennslan fram í aðstöðu VMA og í formi útikennslu.

Á árinu var haldið áfram að skipta yfir í led- lýsingu í skólanum m.a. í B-álmu og sett var upp lokað glýkó-kerfi í loftræsingum í D-álmu. Gólf á byggingadeild var lagað eftir skemmdir og útiaðstaða bætt við byggingadeild þótt enn sé langt í land hvað það varðar. Skipt var um afgreiðsluborðplötu í mötuneyti í Gryfju og settur inn nýr sjálfafgreiðslukæli í mötuneytinu. Gerðar voru breytingar á skrifstofum stjórnenda í A-álmu, tekinn niður veggur og gerð ein skrifstofa fyrir sviðsstjóra og áfangastjóra. Enn á eftir bæta hljóðvist í rýmum þar sem einkasamtöl fara fram og Vinnueftirlitið gerði athugasemd við í skýrslu frá árinu 2023. Mjög hljóðbært er á milli ýmissa rýma í skólanum þar sem fara fram trúnaðarsamtöl s.s. samtöl við nemendur og starfsmannasamtöl. Þeim athugasemdum hefur verið komið á framfæri við Framkvæmdasýsluna - Ríkiseignir. Heilt yfir hafa síðustu tvö ár verið afar takmörkuð í öllu viðhaldi og komin viðhaldspörf um allan skólann.

Unnin er viðhaldsáætlun fyrir húsnæði skólans og send til FSRE í lok hvers árs en sú stofnun sér um allt viðhald húsnæðisins. Þar koma fram stór sem smá viðhaldsverkefni sem mörg hver hafa verið í bið í allt of mörg ár s.s. að skipta út plastpakplötum í A og B álmu, endurnýja þak á bókasafni, bæta hljóðvist, skipta út gólfefni í Gryfju, færa vélstjórnarhermi og bæta hita- og loftgæði.

## Stækkun húsnæðis VMA

Á árinu var farið í greiningavinnu á húsnæði skólans í tengslum við stækkun og bættu aðstöðu við skólann. Í mörg ár hefur verið kallað eftir stækkun



---

verknámsaðstöðu skólans og endurhanna álmur í takt við breyttar áherslur í námi og kennslu. Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir gerðu ítarlega þarfagreiningu fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið og var skýrslu skilað í maí 2024. Í maí var jafnframt skrifað undir samning sveitarfélagana á svæðinu, Mennta- og barnamálaráðuneytis og VMA um allt að 1500 fermetra viðbyggingu fyrir verk- og starfsnám sem mun rísa á norðurlóð skólans með tengibyggingu við núverandi norðurinngang skólans. Áætlanir gera ráð fyrir því að byggingadeild skólans fari í nýbygginguna ásamt bifvélavirkjun og að kennsla í rafiðn verði færð yfir í núverandi húsnæði byggingadeildar. Gróf hönnun hefur farið fram og er lýst í skýrslu FSRE en lokahönnun og tímalína framframkvæmda hefur ekki verið ákveðin. Miklar væntingar eru til þessarar nýbyggingar þar sem aðstaða skólans hefur ekki getað haldi í við aukna aðsókn í iðn- og starfsnám.

Verkmenntaskólinn á Akureyri var formlega settur á stofn 1. júní 1984 og hófst kennsla í fyrstu skólahúsunum, sem hýstu málmiðnbrautina, haustið 1984, fyrir 40 árum. Byggingarsaga skólans spannar því meira en fjóra áratugi. Síðasti byggingaráfanginn sem var tekinn í notkun voru tvær húsaeyningar D-álmu í suðvesturhorni skólabyggingarinnar, kennsla hófst í þessari byggingu haustið 2010 og var húsnæðið sérhannað fyrir nemendur á starfsbraut skólans.



*Nýbygging við skólann kemur á norðurplanið með tengigangi við núverandi norðurinngang*

---

## Mannauður og starfsmannamál

Á haustönn 2024 voru 145 starfsmenn í um það bil 137 stöðugildum. Kennarar eru 114 og þar af eru níu í stundakennslu. Allir kennarar við skólann eru með kennsluréttindi fyrir utan sex leiðbeinendur í starfsnámi sem allir eru í kennsluréttindanámi. Á árinu voru ígildi um fimm stöðugilda vegna kennsluafsláttar og mun þeim fara fjölgandi á næstu árum sem ná afslætti. Kynjahlutfall allra starfsmanna er nær jafnt. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri ásamt þremur sviðsstjórum og rekstar- og fjármálastjóra. Auk þeirra starfa við stjórnun, gæða- og verkefnastjóri, forstöðumaður bókasafns og mannauðstjóri en allir þessir stjórnendur eru í fullu starfi. Þá eru 10 brautarstjórar og níu fagstjórar í hlutastörfum. Við nemendapjónustu starfa tveir námsráðgjafar (í 1,75 stöðu), viðburðastjóri (60%), forvarnarfulltrúi og skólahjúkrunarfræðingur sem er starfsmaður Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Aðrir starfsmenn eru; bókhalds- og þjónustufulltrúi, starfsmaður á bókasafni sem jafnframt sér um erlend samskipti, tveir umsjónarmenn fasteigna, átta þjónustuliðar, níu stuðningsfulltrúar og verkefnastjóri með tölvumálum skólans í hálfu starfi. Formlegar starfslýsingar eru í gæðahandbók fyrir öll störf í skólanum en margar starfslýsingar eru í endurskoðun. Á vorönn 2024 voru tveir kennarar í námsleyfi. Á haustönn voru þrír kennarar og einn sviðsstjóri í námsleyfi.

Félagslíf starfsfólks hefur verið öflugt á árinu. Árshátíð starfsfólks var haldin á Siglufirði í byrjun árs, vorferð innan bæjar og haustferð til Sauðárkróks þar sem m.a. var tekið á móti hópnum í FNV. Starfsfólk hefur aðstöðu til að stunda líkamsrækt í íþróttaaðstöðu skólans - hefur íþróttfélagið Haukurinn haldið utan um það starf - og Fraukur hittast við hannyrðir. Starfsfólk tekur virkan þátt í Hjólað í vinnuna, heldur upp á öskudaginn með því að mæta í búningum og jólapeysu- og sparifatadagur í desember er að festast í sessi í starfsmannahópnum.



*Fyrrverandi og núverandi starfsfólk VMA á 40 ára afmælishátíðinni*

---

## Félagslíf nemenda

Nemendafélagið Þórduna hélt nokkra gleðidaga yfir önnina þar sem nemendum eru færð ýmis góðgæti í upphafi skóladags einu sinni í mánuði. Gleðidagarnir bera keim af því sem er í gangi í skólanum á hverjum tíma s.s. í kringum Gula daginn, jól, öskudag, árshátíð og fleira.

Lið VMA tók þátt í Gettu betur í janúar og stóðu nemendur sig mjög vel en náðu ekki að komast áfram. Leikfélag nemenda setti upp leikritið um Dýrin í Hálsaskógi við miklar vinsældir og sýndar alls sex sýningar í Gryfjunni.

Aron Freyr Ívarsson nemandi í húsasmíði var fulltrúi VMA í Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var á Selfossi í byrjun apríl.



*Aron Freyr fulltrúi VMA í Söngkeppni framhaldsskólanna 2024 og Birna Karen sigurvegari Sturtuhausins 2024, en hún keppir fyrir hönd VMA á Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2025*

Árshátíð nemenda var haldin í mars í Íþróttahöllinni þar sem þemað var Hollywood glamúr. Frá fyrstu mínútu var mikil og góð stemning og fólk skemmti sér hið besta. Hitann og þungan við skipulagninguna ber stjórn Þórdunu, og að sjálfsögðu líka nemendur og kennarar á matvælabraut sem koma að því að þjóna til borðs. Veislustjórar voru Aron Mola og Arnar Þór. Sem fyrr komu margir skemmtikraftar fram á árshátíðinni og á ballinu á eftir; Háski, Diljá, Séra Bjössi, Sprite Zero Klan og PATRi!k. Stjórn Þórdunu ákvað að það þyrfti að semja lag í tilefni af afmælisári VMA og niðurstaðan varð sú að lagið *Akureyri* varð til. Lag og texta sömdu JóiPé og strákarnir í Sprite Zero Klan. Auk þeirra syngja lagið Hafdís Inga Kristjánsdóttir, sem hefur lengi verið áberandi í tónlistarlífinu í VMA, og Sigurður Einar Þorkelsson, skemmtanastjóri Þórdunu, kemur einnig við sögu. Lagið er aðgengilegt á streymisveitum.

Í lok apríl fór hópur nemenda og kennara í byggingadeild VMA í kynningar- og skoðunarferð til Reykjavíkur og sá m.a. sýninguna *Verk og vit*, þar sem allt það nýjasta í bygginga- og verktakageiranum var sýnt. Þrjátíu og þrír nemendur fóru suður; nemendur á öðru ári, lokaönn og kvöldskólanemar, auk kennara. Á leiðinni var stoppað í Borgarnesi og tveir vinnustaðir skoðaðir, Límtré Vírnet og



---

Steypustöðin í Borgarnesi, Í Reykjavík var farið í heimsókn í Efnissöluna og skoðaðar fjölmargar og mismunandi viðartegundir. Þá var farið í heimsókn í byggingadeild Fjölbautaskólans í Breiðholti, á byggingarsvæði nýja Landspítalans við Hringbraut, stærsta byggingarverkefni Íslandssögunnar, og síðan var kíkt á Hallgrímskirkju.

Vorhlaup VMA er einn af vorboðunum á Akureyri og var haldið í lok apríl. Nemendur koma mikið að framkvæmd þess, sérstaklega nemendur á íþrótt- og lýðheilsubraut. Á sama tíma og Vorhlaupið fór fram var Opið hús í VMA og þar er hlutverk nemenda og þórdunu mikilvægt. Góð þátttaka var bæði í hlaupinu og Opna húsinu.



*Gleði og glamúr á árshátíð nemenda*

Nýnemadagar voru á Hólavatni í lok ágúst en þar sjá eldri nemendur um dagskrá dagsins. Nýnemum er skipt niður í tvo hópa og farið er sitthvorn daginn. Farið í leiki, grillaðir hamborgar og sultað í Hólavatni. Markmið þessara daga er að nýnemar á hinum mismunandi brautum skólans kynnist sín á milli. Lokapunktur í móttöku nýnema er nýnemaballið sem haldið var í Sjallanum þar sem nemendur skemmtu sér og dönsuðu fram á nótt með fjölbreyttum hópi listamanna sem komu fram

Að frumkvæði stjórnar Þórdunu komu fjölmargir nemendur og starfsmenn VMA saman í Gryfjunni og minntust Bryndísar Klöru Birgisdóttur, sem lést af sárum sínum 30. ágúst eftir stunguárás á Menningarnótt, með því að klæðast bleiku, en bleikur var uppáhalds litur Bryndísar. Með minningarstundinni var vakin athygli á minningarsjóð Bryndísar Klöru sem hefur þann tilgang öðru fremur að gera kærleikann að eina vopninu í samfélaginu.

Birna Karen Sveinsdóttir sigraði Sturtuhausinn – söngkeppni VMA sem haldin var í Gryfjunni í nóvember. Keppendur voru sex og stóðu sig öll með miklum glæsibrag og var það ekki öfundsvært hlutskipti fyrir dómnefndina að komast að niðurstöðu. Birna Karen tekur þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna á næsta ári fyrir hönd VMA.



*Nemendur og starfsfólk minnst Bryndísar Klöru með því að klæðast bleiku*

Á haustönn setti leikfélag nemenda upp Hryllingshús á Hrekkjavöku og er húsið orðið fastur liður í starfsemi leikfélagsins. Gestum er fylgt í gegnum húsið af sögumanni þar sem draugar og aðrar verur eru á svimi gestum til mismikillar gleði og ánægju.

Eins og áður í kjölfar kosninga til Alþingis og sveitastjórna tók VMA þátt í Skuggakosningum og verkefninu *Ég kys*. Hluti af undirbúningi fyrir kosningarnar er framboðsfundur sem haldinn var í Gryfjunni daginn fyrir Skuggakosningar. Á fundinn komu fulltrúar allra þeirra framboða sem bjóða fram um allt land fyrir alþingiskosningarnar. Frambjóðendur kynntu framboð sín og svöruðu fyrirspurnum og urðu líflegar umræður á fundinum og á eftir hann. Skuggakosningar eru settar upp í framhaldsskólum landsins og eru hugsaðar til þess að efla lýðræðisvitund framhaldsskólanema. Allir framhaldsskólanemar hafa atkvæðisrétt, bæði þeir sem eru undir átján ára aldri og þeir sem hafa náð 18 ára aldri á kjördag. Nemendur greiða atkvæði eins og ef um væri að ræða alvöru kosningar og á kjörseðlinum eru nöfn allra þeirra framboða sem eru í kjöri til alþingiskosninganna. Atkvæði allra þeirra framhaldsskólanema sem greiða atkvæði í Skuggakosningunum verða síðan talin á einum stað og niðurstöður þeirra kynntar áður en fyrstu tölur í alþingiskosningunum verða kynntar að kvöldi kjördags. Undirbúningur og framkvæmd Skuggakosninganna og framboðsfundarins var í höndum nemenda.

Í byrjun desember var haldið glæsilegt jólaball á Græna hattinum. Skólablaðið Mjólnir kom ekki út á þessu ári en nemendafélagið er með virka Instagram-síðu.



---

Fulltrúar úr stjórn Þórdunu tóku þátt í aðalþingi Sambands Íslenskra framhaldsskólanema í september. Atli Freyr Ólafsson úr stjórn Þórdunu var tilnefndur í undirbúningshóp fyrir Söngkeppni framhaldsskólanna en á þinginu var lögð áhersla á málefni söngkeppninnar og framtíð hennar.

Fulltrúar nemenda sitja í skólanefnd og skólaráði þar sem þeir halda utan um hagsmuni nemenda. Kosið er í stjórn nemendafélagsins á vorönn. Viðburðarstjóri starfar með nemendaráði að félagslífinu í samvinnu við stjórnendur. Sem fyrr var gott samstarf á milli nemendafélags og stjórnenda skólans á árinu. Fulltrúar í stjórn Þórdunu taka þátt í ýmsum verkefnum innan skólans t.d. skipulagningu og framkvæmd VMA hlaups og taka á móti grunnskólanemendum þegar þau koma til að kynna sér námið í VMA.

## **Viðurkenningar til nemenda og þátttaka í keppnum**

Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur hélt í febrúar árlegra nýsveinahátíð þar sem útskrifaðir sveinar voru heiðraðir fyrir framúrskarandi árangur á sveinsprófi. Fjórir nýútskrifaðir sveinar og kennarar þeirra frá VMA voru heiðraðir. Silfurverðlaun hlaut Einar Örn Ásgeirsson í rafeindavirkjun en meistari hans er Ari Baldursson. Monika Sól Jóhannsdóttir fékk líka silfurverðlaun í framreiðslu. Meistari hennar er Ingibjörg Bergmann Bragadóttir. Bronsverðlaun hlaut Ágúst Óli Ólafsson í rafvirkjun en meistari hans er Guðmundur Ingi Geirsson. Breki Mikael Adamsson hlaut bronsverðlaun rafeindavirkjun og meistari hans er Ari Baldursson.



*Verðlaunahafar frá VMA á Nýsveinahátíð ásamt Guðna forseta Íslands*

Átta nemendur í frumkvöðlafræðiáfangna skólans tóku þátt í frumkvöðlakeppninni *Ungir frumkvöðlar* sem fór fram í Smáralind í Kópavogi um miðjan apríl. Nemendur í unnu að þróun og markaðsetningu á húð- og heilsuvörum undir heitinu *LXR* sem voru settar í sölu á Akureyri og kynntar á Vörumessunni. Þar kynntu um 600 nemendur frá 14 framhaldsskólum um 130 fyrirtæki. Í lok apríl kynnti dómnefnd hvaða 30 fyrirtæki myndu keppa til úrslita í Fyrirtækjasmiðju *Ungra frumkvöðla* og eitt þeirra var *LXR*. Kynningar og viðtöl við dómara fóru fram í Reykjavík í byrjun maí og þar náði *LXR* öðru sæti í keppninni sem er einn besti árangur liðs frá VMA frá upphafi. .

Víkingur Þorri Sigurðsson og Orri Sigurbjörn Þorkelsson tóku þátt í úrslitum *stærðfræðikeppni framhaldsskólanema* og stóðu sig mjög vel, Víkingur varð í fimmta sæti á efra stigi og Orri í 13. sæti á neðra stigi. Alls tóku fjórir nemendur úr VMA þátt í úrslitakeppninni. Víkingur Þorri tók þátt í Norrænu stærðfræðikeppninni í apríl og stóð sig með sóma.



## Foreldrasamstarf

Tilgangur og markmið foreldrafélag VMA eru að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda, að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda, að tryggja gott samstarf foreldra og forráðamanna, nemendafélags og starfsfólks skólans, að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda, sérstaklega gagnvart bæði námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans, og að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.

Stjórn foreldrafélagsins hittist tvisvar á árinu. Þorbjörg Ólafsdóttir fulltrúi foreldra sat fundi í skólanefndar. Skólameistari sendi reglulega út tölvupósta til allra foreldra/forráðamanna nemenda yngri en 18 ára þar sem ýmsum upplýsingum um skólastarfið var komið á framfæri við foreldra/forráðamenn.

---

## Skólanefnd

Núverandi skólanefnd var skipuð vorið 2021. Í skólanefnd VMA eru Sverre Jakobsson formaður, Matthías Rögnvaldsson, Eva Dögg Björgvinsdóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir og Axel Grettisson. Fulltrúi starfsfólks er Karen Malmquist og fulltrúi foreldra er Þorbjörg Ólafsdóttir. Fulltrúi Þórdunu nemendafélags skólans var Steinar Bragi Laxdal, formaður félagsins á vorönn en Hulda Þórey Halldórsdóttir á haustönn. Skólameistari situr alla fundi nefndarinnar ásamt aðstoðarskólameistara og rekstrar- og fjármálastjóri er kallaður á fundi þar sem fjármál og rekstur eru rædd. Á árinu var fundað sjö sinnum í skólanefnd VMA.

## 40 ára afmælisár VMA

VMA varð 40 ára á árinu og af því tilefni voru ýmis tilnefni notuð til að fagna áfanganum. Hannað var sértakt afmælismerki skólans og var það á heimasíðu skólans út afmælisárið. Einar Helgason, myndlistarmaður og kennari, hannaði merki skólans á sínum tíma að beiðni Bernharðs Haraldssonar þáverandi skólameistara VMA en Þórhallur Kristjánsson, grafískur hönnuður á Akureyri og stúdent frá VMA, útfærði 40 ára afmælismerki skólans.

Hápunktur hátíðarhaldanna var á sjálfan afmælisdaginn 29. ágúst sem jafnframt er afmælisdagur Akureyrarbæjar. Blásið var til hátíðardagskrár og opið hús. Gestum var velkomið að ganga um og skoða lífið á námsbrautum skólans. Boðið var upp á kvikmyndaveislu með myndum sem gerðar voru fyrir nokkrum árum af kvikmyndaklúbbi skólans sem kallaðist Filman. Hægt var að skoða gömul skólablöð og myndasýningar.

Fjölmarginir sóttu skólann heim af þessu tilefni, nemendur núverandi og fyrrverandi, starfsmenn núverandi og fyrrverandi og fjölmarginir aðrir góðir gestir. Að loknum ræðuhöldum var boðið upp á glæsilega afmælistertu og fólk naut stundarinnar og rifjaði upp eitt og annað frá liðinni tíð.

Ávörp á afmælishátíðinni fluttu Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari VMA, Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri á Akureyri, Ragnhildur Bolladóttir teymisstjóri í mennta- og barnamálaráðuneytinu, Guðjón Hreinn Hauksson formaður Félags framhaldsskólakennara og fyrrum nemandi VMA, Jasmín Arnarsdóttir nemandi og kynningarstjóri í stjórn Þórdunu nemendafélags VMA, Hálf dán Örnólfsson kennari við VMA frá stofnun skólans fyrir 40 árum og Jóhann Rúnar Sigurðsson formaður Félags málmiðnaðarmanna Akureyri. Hafdís Inga Kristjánsdóttir, útskrifaður stúdent frá VMA vorið 2023, nú nemandi í söng við Tónlistarskólann á Akureyri, söng tvö lög.

Síðar um kvöldið var haldið boð fyrir núverandi og fyrrverandi starfsfólk skólans. Þar hittist fólk og rifjaði upp góðar stundir með félögum sínum ásamt því að hugsa til framtíðarhlutverks VMA.







---

## Lokaorð

Árið 2024 færði okkur í VMA ýmis tækifæri en líka áskoranir en fyrst og fremst tækifæri til að fagna 40 ára afmæli VMA. Skrifað var undir samning um stækkun á húsnæði skólans sem gefur væntingar um að geta fjölgað nemendum í iðn- og starfsnámi í framtíðinni ásamt því að bæta þarf aðstöðu á ýmsum deildum skólans. Nútíma kennsluhættir, samfélagslegar áskoranir og tækninýjungar kalla á ýmsar breytingar m.a. í aðstöðu skólans en líka í starfsþróun kennara. Endurskoðun á námsbrautum skólans liggja fyrir til að koma til móts við nýjan veruleika.

Nemendur eru hornsteinn VMA. Það að þeir þroskist, öðlist sjálfstraust, líði vel, tilheyri hópnum og tileinki sér ákveðna leikni, þekkingu og hæfni skiptir mestu máli. Til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda býður skólinn upp á fjölbreyttar námsleiðir, góða þjónustu og mikinn stuðning við nemendur. Jafnframt er skólinn mikilvægur í nærumhverfi sínu og leitast við að vera í góðu samstarfi við hagsmunaaðila í nærumhverfi skólans.

Gildi skólastarfsins og einkunnarorð skólans eru: Fagmennska - Fjölbreytni - Virðing og er það hlutverk allra sem starfa og nema við skólann að fylgja eftir þeim gildum sem skólinn starfar eftir.

Gjört á Eyrarlandsholti ágúst 2025

Sigríður Huld Jónsdóttir

---

## Yfirlit yfir nefndir og ráð innan VMA

### ***Stjórnendafundir eru haldnir vikulega á stafstíma skólans***

Svava Hrönn Magnúsdóttir náms- og starfsráðgjafi  
Helga Júlíusdóttir náms- og starfsráðgjafi  
Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari  
Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari – var í leyfi á haustönn  
Helga Jónasdóttir aðstoðarskólameistari – á haustönn  
Sigurður Hlynur Sigurðarson áfangastjóri  
Ómar Kristinsson sviðsstjóri  
Harpa Jörundardóttir sviðsstjóri – var í námsleyfi á haustönn  
Bryndís Indíana Stefánsdóttir sviðsstjóri – á haustönn  
Unnur Ása Atladóttir sviðsstjóri  
Hrafnhildur Haraldsdóttir rekstar- og fjármálastjóri

### ***Gæðaráð fundar vikulega á stafstíma skóla***

Halla Hafbergsdóttir verkefna- og gæðastjóri  
Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari  
Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari – í leyfi á haustönn  
Helga Jónasdóttir aðstoðarskólameistari – á haustönn  
Sigurður Hlynur Sigurðarson áfangastjóri  
Harpa Jörundardóttir sviðsstjóri – í námsleyfi á haustönn  
Unnur Ása Atladóttir sviðsstjóri – á haustönn

### ***Skólaráð fundar 4-6 sinnum á skólaári***

Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari  
Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari – í leyfi á haustönn  
Helga Jónasdóttir aðstoðarskólameistari – á haustönn  
Helga Júlíusdóttir náms- og starfsráðgjafi  
Linda Kristjánsdóttir fulltrúi nemenda (vorönn)  
Kormákur Rögnvaldsson fulltrúi nemenda (vorönn)  
Guðmar Gísli Þrastarson fulltrúi nemenda (haustönn)  
Gyða Rún Alfreðsdóttir fulltrúi nemenda (haustönn)

---

***Skólanefnd VMA fundar 6-8 sinnum á ári***

Aðalmenn án tilnefningar:

Sverre Jakobsson - formaður  
Matthías Rögnvaldsson  
Eva Dögg Björgvinsdóttir

Aðalmenn skv. tilnefningu SSNE:

Axel Grettisson  
Hrafnhildur Elín Karlsdóttir

Karen Malmquist fulltrúi kennara

Steinar Bragi Laxdal fulltrúi nemenda (vorönn)

Hulda Þórey Halldórsdóttir fulltrúi nemenda (haustönn)

Þorbjörg Ólafsdóttir fulltrúi foreldra

***Stjórn Þórdunu kosin vorið 2024***

Martyna Kulesza formaður (hætti í sept. 2024)

Hulda Þórey Halldórsdóttir varaformaður og formaður frá sept. 2024

Birkir Orri Jónsson skemmtanastjóri

Gyða Rún Alfreðsdóttir formaður hagsmunaráðs

Atli Freyr Ólafsson gjaldkeri

Guðmar Gísli Þrastarson ritari

Jasmín Arnarsdóttir kynningarstjóri

Hlynur Blær Tryggvason nýnemafulltrúi

Sigurður Jónsson meðstjórnandi

Elsa Mjöll Jónsdóttir meðstjórnandi

***Stjórn kennarafélags VMA kosin haustið 2024***

Ásbjörg Benediktsdóttir formaður

Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir gjaldkeri

Bergur Tómasson ritari

Katrín Júlía Pálmadóttir meðstjórnandi/varamaður

Ásgeir Már Andrésson meðstjórnandi/varamaður